

20. grein – Stjórnarkjör

Skylt er að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu við kjör stjórnar, annarra en formanna deilda sem sæti eiga í stjórn, og skal tilhögun hennar fara eftir reglugerð ASÍ.

Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára sem hér segir: Annað árið formann, ritara og einn meðstjórnanda. Hitt árið varaformann, vararitara og einn meðstjórnanda.

Á haustdögum ár hvert skal á trúnaðarráðsfundi kjósa uppstillingarnefnd fyrir félagið. Þeir skulu eiga sæti í uppstillingarnefnd.

Uppstillingarnefnd skal **auglýsa eftir áhugasömum félagsmönnum til að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Nefndin skal að því loknu láta fara fram könnun meðal allra trúnaðarráðsmanna, aðal og varamanna og trúnaðarmanna á vinnustöðum um hverjir eigi að gegna stjórnarstörfum fyrir félagið næsta kjörtímabil. Könnun skal fara fram skriflega með óbundinni kosningu.**

Uppstillingarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir trúnaðarráð fyrir 20. febrúar **til kynningar og afgreiðslu.**

Trúnaðarráð leggur síðan fram lista við stjórnarkjör í félaginu eigi síðar en 1. mars. Þar skal gerð tillaga um alla þá sem kjósa skal. **Náist ekki samkomulag innan ráðsins um uppstillingu skulu þeir sem ósáttir eru tilkynna það til uppstillingarnefndar, innan sólahrings frá því að listi trúnaðráðs er lagður fram, hyggist þeir taka sæti á eða bjóða fram annan lista.**

Að lokinni tillögugerð trúnaðarráðs auglýsir kjörstjórn félagsins hverjir skipi listann, sem ætíð skal vera A-listi, og gefur félagsmönnum a.m.k. 14 sólarhringa frest til að bera fram aðra lista. Er hvert það framboð gilt sem fram kemur innan þess tíma, er fullmannað og hefur skriflegt samþykki þeirra sem eru í framboði og meðmæli a.m.k. 30 fullgildra félaga.

Stjórnarmaður sem ekki hefur lokið kjörtímabili sínu í stjórn félagsins en bíður sig fram til annars stjórnarsætis innan hennar, skal samhliða segja stjórnarsæti sínu lausu en missir ella kjörgengi. Skal trúnaðarráð félagsins eftir tilnefningu uppstillingarnefndar þá bæta við A-listann, framboði til eins árs í þá stöðu sem losnað hefur. Hið sama skulu allir mótframboðslistar gera.

Komi fram fleiri en einn listi skal kjörstjórn láta kjósa um þá í allsherjaratkvæða-greiðslu í fyrsta lagi 1. apríl og í síðasta lagi 10. apríl.

Komi hins vegar ekki fram fleiri listar teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörnir.

Kosningu skal lýst á aðalfundi og tekur þá nýkjörin stjórn við félaginu.